

**Ed.**

**457. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa nokkrar jarðir og afnotarétt jarða í Ölfusi.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Til að undirbúa stofnun nýbýla eða nýbýlahverfa er ríkisstjórninni heimilt að kaupa:

- a) Jarðirnar Hvamm og Kirkjuferju með hjáleigu, eða hluta úr þessum jörðum.
- b) Afnotarétt af jörðinni Hvoli í Ölfushreppi eða hluta úr henni.

2. gr.

Ef ekki semst við eigendur um kaupverðið, er ríkisstjórninni heimilt að taka eignarnámi jarðir þær og afnotaréttindi, er um getur í 1. gr. Eignarnámið skal framkvæmt samkv. lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja úr ríkissjóði til landþurrkunar og vegagerðar í sambandi við stofnun nýbýla allt að 150 þús. krónum á árinu 1940 og allt að 200 þús. kr. á árinu 1941.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.